

## Veðurathuganir á Suðurlandi

---

Guðrún Nína Petersen  
Kristín Björg Ólafsdóttir  
Þórunn Pálsdóttir







## Veðurathuganir á Suðurlandi

---

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofu Íslands  
Kristín Björg Ólafsdóttir, Veðurstofu Íslands  
Þórunn Pálsdóttir, Veðurstofu Íslands



Lykilsíða

<b>Skýrsla nr.</b> VÍ 2018-010	<b>Dags.</b> Ágúst 2018	<b>ISSN</b> 1670-8261	<b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð</b> <input type="checkbox"/> <b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Veðurathuganir á Suðurlandi		<b>Upplag:</b> 8 <b>Fjöldi síðna:</b> 21 + viðaukar	
<b>Höfundar:</b> Guðrún Nína Petersen, Kristín Björg Ólafsdóttir og Þórunn Pálsdóttir		<b>Framkvæmdastjóri sviðs:</b> Jórunn Harðardóttir	
<b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>		<b>Verkefnisstjóri:</b> Guðrún Nína Petersen	
		<b>Verknúmer:</b> 3601-0-002	
		<b>Málsnúmer:</b> 2018-230	
<b>Unnið fyrir:</b> Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)			
<b>Samvinnuaðilar:</b>			
<b>Útdráttur:</b> Samtök sunnlenskra sveitafélaga (SASS) óskuðu eftir að Veðurstofa Íslands (VÍ) gerði stutta úttekt á veðurfari á svæði þeirra. Verkefni þetta er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Veðurfari á svæðinu er lýst út frá mælingum á 16 sjálfvirkum veðurstöðvum á tímabilinu 2008–2017 auk þess sem gert er grein fyrir veðurfari á sérhverri stöð auk útgilda. Einnig er gert grein fyrir veðurfari á nokkrum mönnum veðurstöðvum en þar eru gerðar víðtækari athuganir en á sjálfvirkum veðurstöðvum auk þess sem athuganir hafa staðið yfir mun lengur. Að jafnaði er veður milt á sunnanverðu landinu, vetur eru mildir við sjávarsíðuna en lengra inni í landi getur orðið talsvert frost í vetrarstillum. Svæðið er það úrkomusamasta á landinu, einkum austantil. Lægðir koma að öllu jöfnu inn á landið úr suðri og bera hlýtt og rakt loft norður eftir. Úrkomasamast er áveðurs við há fjöll og mest er úrkoman sunnan í Vatnajökli og Mýrdalsjökli.			
<b>Lykilorð:</b> veðurfar, hiti, vindur, úrkoma, skyggni, sjálfvirkar veðurstöðvar, mannaðar veðurstöðvar		<b>Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:</b> 	
		<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	
		<b>Yfirfarið af:</b> HB, SG	



## Efnisyfirlit

Myndaskrá .....	5
Töfluskrá .....	6
1 Inngangur.....	7
2 Skilgreiningar á veðurþáttum .....	8
3 Veðurfarsyfirlit byggt á mælingum sjálfvirkra veðurstöðva á svæðinu.....	8
3.1 Hiti.....	9
3.2 Vindur.....	10
3.3 Úrkoma.....	12
4 Mannaðar veðurstöðvar á svæðinu.....	14
4.1 Hiti.....	15
4.2 Úrkoma.....	16
4.3 Úrkomuáttir .....	16
4.4 Veðurtegund — Athuganir á takmörkuðu skyggni .....	17
5 Samantekt.....	20
Viðaukar: Veðurfar á völdum stöðvum 2008–2017.....	21

## Myndaskrá

Mynd 1. Allar sjálfvirkar veðurstöðvar á Suðurlandi, Suðausturlandi og á sunnaverðu hálendinu sem hafa verið í rekstri frá a.m.k. árinu 2012.....	7
Mynd 2. Ríkjandi vindáttir á nokkrum veðurstöðvum á sunnanverðu landinu.....	9
Mynd 3. Árstíðasveifla hita (°C) á svæðinu.....	9
Mynd 4. Árstíðasveifla hita (°C) á svæðinu.....	10
Mynd 5. Árstíðasveifla vindhraða (m/s) á svæðinu.....	11
Mynd 6. Árstíðasveifla meðalvindhraða (m/s) á svæðinu.....	12
Mynd 7. Mánaðarmeðalárskúrkoma (mm) á hverri stöð, 2008–2017, fyrir hvern almanaksmánuð.....	13
Mynd 8. Árstíðasveifla úrkomu (mm) á svæðinu.....	14
Mynd 9. Mismunur á mánaðarmeðalhita á Eyrarbakka og Kirkjubæjarklaustri fyrir tímabilin 1961–1990 og 1991–2017.....	15
Mynd 10. Úrkomuáttir á Eyrarbakka og Vatnsskarðshólum, 2000–2010.....	17
Mynd 11. Hlutfall skyggnis undir 500 m, 1 km, 5 km og 10 km á Kirkjubæjarklaustri og Eyrarbakka fyrir tímabilið 1996–2010.....	18
Mynd 12. Hlutfall skyggnis undir 500 m, 1 km, 5 km og 10 km á Stórhöfða og í Hornafirði fyrir tímabilið 1996–2010.....	19

## Töfluskra

Tafla 1. Yfirlit yfir þær sjálfvirku veðurstöðvar sem nýttar eru til að greina veðurlag á svæðinu.....	7
Tafla 2. Skilgreiningar á veðurþáttum.....	8
Tafla 3.Meðalvindhraði, mesti vindhraði og mesta vindhviða á hverri stöð 2000–2017. Tvö hæstu gildin á láglendi eru feitletruð. ....	11
Tafla 4. Meðalhiti (°C) á Kirkjubæjarklaustri og Eyrarbakka fyrir tímabilin 1961–1990 og 1961–2017.....	15
Tafla 5. Meðalúrcoma (mm) á Eyrarbakka 1961–1990 og fyrir 2003–2006 og 2008–2016. .....	16




# 1 Inngangur

Samtök sunnlenskra sveitafélaga (SASS) óskuðu eftir að Veðurstofa Íslands (VÍ) gerði stutta úttekt á veðurfari á svæði þeirra. Verkefni þetta er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

All margar veðurstöðvar eru á svæðinu bæði í eigu VÍ sem og annarra og þá einkum Vega-gerðarinnar. Valdar voru 16 sjálfvirkar stöðvar sem eru dreifðar um svæðið og veður-  
mælingar þaðan nýttar til að lýsa veðurlagi. Sjálfvirkar úrkomumælingar eru á sjö þessara stöðva. Tafla 1 inniheldur yfirlit yfir stöðvarnar og mynd 1 sýnir á korti staðsetningar allra sjálfvirkra veðurstöðva á svæðinu og þær sem notaðar eru hér rauðlitaðar. Einnig voru skoðuð gögn frá þremur mönnum veðurstöðvum með langa mælisögu og fjallað um þær sérstaklega. Reiknuð voru meðaltöl fyrir tímabilið 2008–2017, en útgildi fundin fyrir allt mælitímabilið á hverri stöð.

*Tafla 1. Yfirlit yfir þær sjálfvirku veðurstöðvar sem nýttar eru til að greina veðurlag á svæðinu.*

Stöð	Nafn	Upphaf	Hæð	Spásvæði	Athugasemdir
6420	Árnes	2003	90 m	S-land	
1395	Eyrarbakki	2005	3 m	S-land	Áður mönnuð
5309	Fagurhólsmýri	2003	17 m	SA-land	Áður mönnuð
6315	Hella	2006	20 m	S-land	
6515	Hjarðarland	2004	88 m	S-land	Einnig mönnuð
5544	Höfn í Hornafirði	2007	5 m	SA-land	Áður mönnuð
6310	Kálfhóll	2003	52 m	S-land	
6272	Kirkjubæjarklaustur - Stjórnarsandur	2004	22 m	SA-land	Áður mönnuð
6222	Sámsstaðir	2000	90 m	S-land	Áður mönnuð
6499	Skaftafell	1995	94 m	SA-land	
6176	Skarðsfjöruviti	1994	6 m	SA-land	
6546	Vatnsfell	2004	540 m	Miðhálandið	
6045	Vatnsskarðshólar	2003	20 m	S-land	Áður mönnuð
6015	Vestmannaeyjabær	2002	40 m	S-land	
6208	Þykkvibær	1996	10 m	S-land	
6134	Önundarhorn	2010	12 m	S-land	



*Mynd 1. Allar sjálfvirku veðurstöðvar á Suðurlandi, Suðausturlandi og á sunnaverðu hálandinu sem hafa verið í rekstri frá a.m.k. árinu 2012. Stöðvar þar sem unnið var úr gögnum eru litaðar.*

## 2 Skilgreiningar á veðurþáttum

Sjálfvirkar veðurmælingar eru gerðar í sífellu en skráðar á 10 mínútna fresti í veðurgagnasafn Veðurstofu Íslands. Úr þeim gögnum eru unnin klukkustundagögn sem greiningar á veðri og veðurfari byggjast á. Í þessari úttekt eru unnið með sjálfvirkar mælingar á hita, vindhraða og úrkomu. Tafla 3 inniheldur skilgreiningar á þessum þáttum.


Tafla 2. Skilgreiningar á veðurþáttum.

Þáttur	Skilgreining
Hití (°C)	1 mínútu meðaltal á heila tímanum
Vindhraði (m/s)	10 mínútna meðaltal síðustu 10 mínútna fyrir heila tímann
Vindátt (°)	10 mínútna meðaltal síðustu 10 mínútna fyrir heila tímann Vindátt er skilgreind sem sú átt sem vindur blæs úr
Mesti vindhraði (m/s)	Mesta 10 mínútna meðaltal síðustu klukkustundar
Mesta vindhviða (m/s)	Mesta 3 sekúndna meðaltal á síðustu klukkustund
Úrkoma (mm)	Uppsöfnuð úrkoma síðustu klukkustundar

## 3 Veðurfarsyfirlit byggt á mælingum sjálfvirkra veðurstöðva á svæðinu

Að jafnaði er veður milt á sunnanverðu landinu, vetur eru mildir við sjávarsíðuna en lengra inni í landi getur orðið talsvert frost í vetrarstillum. Svæðið er það úrkomusamasta á landinu, einkum austantil. Lægðir koma að öllu jöfnu inn á landið úr suðri og bera hlýtt og rakt loft norður eftir. Úrkomusamast er áveðurs við há fjöll og mest er úrkoman sunnan í Vatnajökli og Mýrdalsjökli.


Mynd 2 sýnir ríkjandi vindáttir á sunnanverðu landinu á nokkrum veðurstöðvum. Hvernig vindar blása á veðurstöðvum ræðst af stórum hluta af landslagi í nágrenninu. Glögg sést á myndinni að í uppsveitum Suðurlands og með vestanverðri Suðrströndinni er norðaustanátt langalgengasta vindáttin, en það svæði er opið fyrir vindi ofan af hálendinu. Austar á svæðinu er ríkjandi vindátt aftur á móti austlæg eða austnorðaustlæg, mótuð af m.a. Vatnajökli og Mýrdalsjökli. Á Höfn hafa fjöllin í nágrenninu mikil áhrif en þar er ríkjandi vindátt norðvestlæg, en mikill árstíðamunur (sjá viðauka). Við Vatnsfell, á sunnanverðu miðhálendinu, eru ríkjandi vindáttir suðaustanátt og norðaustanátt, mótaðar af Vatnajökli og staðbundnu landslagi. Hafgola er ríkjandi víða á landinu á sumrin og getur náð langt inn á Suðurlandsundirlendið.




Mynd 2. Ríkjandi vindáttir á nokkrum veðurstöðvum á sunnanverðu landinu. Myndin gefur yfirsýn yfir meðalvindáttatíðni á hverri stöð.

### 3.1 Hiti

Mynd 3 sýnir meðalhita hvers almanaksmánaðar á hverri stöð. Hljýjast er í júlí og kaldast í desember. Vatnsfell er hálendisstöð, í 540 m.y.s., og því mun svalara loftslag þar en á láglandinu. Að þeirri stöð undanskilinni má sjá að fremur líttill munur er á milli meðalhita yfir sumartímam, um  $1,5^{\circ}\text{C}$ , en spönnin er mest yfir vetrarmánuðina nóvember–mars, um  $4^{\circ}\text{C}$ . Að vetri til er meðalhitinn vel yfir frostmarki í Vestmannaeyjabæ og á Vatnsskarðshólum, Önundarhorni og Fagurhólsmýri, þar sem áhrifa sjávarhita gætir. Á Eyrarbakka og í Þykkvabæ er landslag opnara fyrir köldum áttum ofan af hálendinu og áhrifa sjávar gætir ekki eins mikið að vetrinum og því er þar kaldara. Lægstur er desemberhitinn hitinn inn til landsins, á Kálfhóli og Hjarðarlandi. Í júlí er meðalhiti hæstur á Hjarðarlandi og í Árnesi en lægstur á Höfn í Hornafirði.



Mynd 3. Árstíðasveifla hita ( $^{\circ}\text{C}$ ) á svæðinu. Sýndur er meðalhiti fyrir hvern almanaksmánuð á hverri stöð 2008–2017.




*Mynd 4. Árstíðasveifla hita (°C) á svæðinu. Kassaritin byggja á mánaðarmeðaltölum frá öllum stöðvum nema Vatnsfelli, 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sýna útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir meðaltal hvers almanaxsmánaðar.*

Mynd 4 sýnir árstíðasveiflu hita á svæðinu í kassaritum. Hún sýnir enn betur hve mikið minni munur er á meðalhita á svæðinu að sumri (lágir kassar) en að vetri (háir kassar). Enn fremur sýnir hæð kassana og útgildin að mun meiri breytileiki er á milli ára í vetrarhita en sumarhita.

### 3.2 Vindur

Mynd 5 sýnir árstíðasveiflu meðalvindhraða fyrir hvern almanaxsmánuð og tafla 3 meðalvindhraða, mesta vindhraða og mestu vindhviðu fyrir hverja stöð. Mestur er meðalvindhraðinn við Vatnsfell, enda hálendisstöð. Af láglandisstöðvum er meðalvindhraði mestur á Vatnsgarðshólum, Skarðsfjöruvita og Fagurhólsmýri. Allt eru þetta stöðvar sem eru nálægt hafi. Áberandi lágur meðalvindhraði er í Skaftafelli. Þessi stöð nýtur skjóls frá fjöllum og vaxandi trjágróðri og eru ekki undir miklum áhrifum frá hafi. Það getur þó líka hvesst vel í Skaftafelli og á tímabilinu 2008–2017 er mesti vindhraði í Skaftafelli 30,5 m/s og mesta hviða 51,8 m/s, sjá töflu 3. Óveður við fjöll eru algeng á Íslandi. Í slíkum veðrum eru sviptivindar algengir og vindhviður jafnan með 1,5–2 sinnum meiri vindstyrk en meðalvindhraðinn. Á sunnanverðu landinu eru slík óveður einkum þekkt sunnan Vatnajökuls og Eyjafjalla, en þær stöðvar þar sem mesti meðalvindhraði og mesta vindhviða eru hæst í töflu 3 eru einmitt staðsettar á þeim svæðum, en einnig við stök fjöll, s.s. við Ingólfsfjall.




Mynd 5. Árstíðasveifla vindhraða (m/s) á svæðinu. Sýndur er meðalvindhraði fyrir hvern almanaxsmánuð á hverri stöð 2008–2017.

Tafla 3. Meðalvindhraði, mesti vindhraði og mesta vindhviða á hverri stöð 2000–2017. Tvö hæstu gildin á láglendi eru feitletruð.

Stöð	Nafn	Meðalvindhraði (m/s)	Mesti meðalvindhraði (m/s)	Mesta vindhviða (m/s)
6420	Árnes	5.1	29.0	39.1
1395	Eyrarbakki	6.1	28.3	39.3
5309	Fagurhólsmýri	<b>6.9</b>	34.6	45.0
6315	Hella	5.9	31.4	40.9
6515	Hjarðarland	5.4	27.6	37.4
5544	Höfn í Hornafirði	6.2	<b>35.3</b>	44.4
6310	Kálfhóll	5.5	31.1	38.3
6272	Kirkjubæjarklaustur - Stjórnarsandur	4.9	30.2	42.3
6222	Sámsstaðir	4.6	<b>36.1</b>	47.2
6499	Skaftafell	3.0	30.5	<b>51.8</b>
6176	Skarðsfjöruviti	6.7	30.4	45.0
6546	Vatnsfell	8.0	41.3	51.2
6045	Vatnsskarðshólar	<b>7.1</b>	34.0	47.9
6015	Vestmannaeyjabær	5.0	28.0	45.8
6208	Þykkvibær	5.7	28.9	40.5
6134	Önundarhorn	4.9	34.3	<b>52.5</b>

Kassaritin á mynd 6 sýna vel að nokkur breytileiki er á mánaðarmeðaltölum alla mánuði ársins, en minnst þó í júní–ágúst. Í nokkrum mánuðum er miðgildið (þverstrík innan kassa) lægri en meðalgildið (rauða línan) sem gefur til kynna að meðaltalið sé dregið upp af nokkrum óvenjulegum mánuðum.






Mynd 6. Árstíðasveifla meðalvindhraða (m/s) á svæðinu. Kassaritin byggja á mánaðarmeðaltölum frá öllum stöðvum nema frá Skaftafelli, 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Rauða línan sýnir meðaltal hvers almanaxsmánaðar.

### 3.3 Úrkoma


Mynd 7 sýnir mánaðarmeðalúrkomu á þeim átta stöðvum á svæðinu þar sem úrkoma er mæld. Ein þeirra er veðurstöðin Kvísker í Örfum þar sem úrkoma og hiti eru mæld. Kvísker eru austan undir Örfajökli en þar er mikil úrkoma þegar hlýtt loft úr suðri ber raka að landi en að auki magnast úrkoman vegna jökulsins. Því er ljóst að Kvísker er stöð í sérflokkum en þar er ársúrkomu tvisvar sinnum meiri en á öðrum stöðvum á svæðinu, eða yfir 3500 mm til samanburðar við 1000–1400 mm á öðrum stöðvum. Að auki í þeim mánuði þar sem úrkoma er minnst á Kvískerjum, júní, er hún svipuð eins og í úrkomumestu mánuðunum á hinum stöðvunum. Minnst er ársúrkomu við Vatnsfell en sú stöð er í svokölluðum úrkomuskugga, hlémegin við hálendið á suðaustanverðu landinu. Þar er einnig hlutfall snævar af úrkomu meira og vindhraði meiri og því líklegt að mælingar vanmeti úrkomu meira en á láglandisstöðvunum.



Mynd 7. Mánaðarmeðalárskúrkoma (mm) á hverri stöð, 2008–2017, fyrir hvern almanaksmánuð.

Árstíðasveifla úrkomu er talsverð. Að meðaltali er mest úrkoma að hausti og vetri með hámarki í september og janúar en júní þurrasti mánuðurinn. Af þessum stöðvum er að jafnaði mest úrkoma í Vestmannaeyjabæ í janúar og febrúar en annars er úrkoma yfirleitt mest á Kirkjubæjarklaustri-Stjórnarsandi. Árstíðasveiflu gætir minnst á hálendisstöðinni Vatnsfelli.

Mynd 8 sýnir árstíðasveiflu á svæðinu í kassaritum þar sem gögnum frá Kvískerjum hefur verið sleppt. Vel sést að þurrustu mánuðirnir eru maí og júní og þar er einnig minnstur breytileiki innan mánaðar. September er aftur á móti ekki eingöngu yfirleitt blautastur, en það er þó mestur breytileiki í úrkomumagni í október. Mesta mánaðarúrkoma mældist í október 2007 á Kirkjubæjarklaustri-Stjórnarsandi eða 368 mm. Ekki voru gerðar úrkomumælingar á Kvískerjum á þeim tíma.



Mynd 8. Árstíðasveifla úrkomu (mm) á svæðinu. Kassaritin byggja á mánaðar-meðaltölum frá öllum stöðvum nema Kvískerjum, 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Rauða línan sýnir meðaltal hvers almanaks-mánaðar.

## 4 Mannaðar veðurstöðvar á svæðinu

Á öllum sjálfvirkum veðurstöðvum í eigu Veðurstofu Íslands er mældur hiti, vindur og raki. Á nokkrum stöðvum er að auki mældur loftþrýstingur og úrkoma. Þróun mæliaðferða á þeim þáttum sem veðurathuganamenn hafa í gegnum tíðina athugað s.s. skyggni, veðurgerð, úrkomutegund, skýjahula, skýjahæð og skýjategund eru styttra á veg komin. Á Eyrarbakka er nýfarið að mæla sjálfvirkt skýjahæð og skýjahulu og vísi að veðurgerð.

Athuganir á mönnum stöðvum eru því enn mikilvægar til notkunar við mismunandi úrvinnslur.

Á svæðinu sem er til umræðu eru þrjár mannaðar stöðvar sem vert er að skoða, Kirkjubæjarklaustur (stöð 772, athuganatímabil 1926–2013), Eyrarbakki (stöð 923, 1880–2016 með eyðum) og stöðvar við Höfn í Hornafirði (705, 706 og 707, frá 1965, en stöðin hefur þrisvar verið flutt). Einnig eru stöðvar við ströndina sem komið gætu að gagni s.s. Vatnsskarðshólar (frá 1978) og Stórhöfði í Vestmannaeyjum (1921–2014).

Mikill munur er á hita og úrkomu á Kirkjubæjarklaustri mannaðri stöð (772) og sjálfvirku stöðinni á Stjórnarsandi (6272) þó aðeins séu 2,5 km á milli, aðallega sökum umhverfisbreytinga í kringum mönnum stöðina, en þar er mikill gróður. Einnig er munur á Eyrarbakka þó fjarlægðin á milli stöðva sé aðeins um 700 m. Úrkomumunur vegna mæliaðferða mannaðra og sjálfvirkra stöðva er einnig þekktur. Hér verður ekki fjallað um vindmælingar mannaðra stöðva þar sem vindhraði var lengi vel metinn á mönnum stöðvum og sjálfvirku mælingarnar eru mun áreiðanlegri.




## 4.1 Hiti

Reiknað var meðaltal tímabilsins 1991–2017 og þá sett saman mönnum og sjálfvirk tímaröð með leiðréttingum. Taflan 4 sýnir hita á tveim mismunandi tímabilum og mynd 9 mismuninn á þessum tímabilum sem er jákvæður í hag seinna tímabilsins. Á ársgrundvelli hefur hlýnað um 0,7°–0,8°C en breytileikinn er mikill milli mánaða, frá því að vera langminnstur í febrúar en mestur í janúar, september og nóvember.

Tafla 4. Meðalhiti (°C) á Kirkjubæjarklaustri og Eyrarbakka fyrir tímabilin 1961–1990 og 1961–2017.

	jan	feb	mar	apr	maí	júní	júlí	ágú	sept	okt	nóv	des	árið
<i>Kirkjubæjar- klaustur</i>													
<b>Meðalhiti 1961–1990</b>	-0,4	0,3	0,7	3,2	6,5	9,4	11,2	10,4	7,5	4,5	1,1	-0,4	4,5
<b>Meðalhiti 1991–2017</b>	0,6	0,3	1,2	3,9	7,1	9,9	11,7	11,3	8,5	4,9	2,1	0,5	5,2
<i>Eyrarbakki</i>													
<b>Meðalhiti 1961–1990</b>	-1,1	-0,1	0,1	2,8	6,4	9,2	10,8	10,2	7,0	3,8	0,5	-0,9	4,1
<b>Meðalhiti 1991–2017</b>	0,2	0,1	0,8	3,4	6,9	10,0	11,8	11,1	8,3	4,2	1,5	0,1	4,9



Mynd 9. Mismunur á mánaðarmeðalhiti á Eyrarbakka og Kirkjubæjarklaustri fyrir tímabilin 1961–1990 og 1991–2017. Jákvæður munur er þegar hlýrra er á seinna tímabilinu.

## 4.2 Úrkoma

Úrkoma er mjög staðbundið fyrirbæri. Næsta umhverfi hefur mikið áhrif og einnig breytingar á því. Mikil skógrækt er á Kirkjubæjarklaustri og hefur það haft áhrif á veðurlag á staðnum og er því vafasamt að bera saman mismunandi tímabil veðurþátta, svo sem úrkomu. Mælingar sýna að mun minni úrkoma er á sjálfvirku stöðinni úti á Stjórnarsandi. Á Eyrarbakka er reiknað 30 ára tímabil og 14 ára tímabil (2003–2006 og 2008–2016), sjá töflu 5. Nokkra mánuði vantar í önnur mæliár frá 1990 og krefst það meiri rannsókna að fylla í þau skörð.



Þegar á heildina er litið virðist seinna tímabilið úrkomusamara sem er í takt við að meiri úrkoma skili sér við hlýnandi veðurfar. Þó er heldur minni úrkoma yfir sumarmánuðina maí – júlí en mun meiri yfir vetrarmánuðina október – mars. Úrkoma mælist betur sem regn en snjór þar sem úrkomumælar fanga snjó illa og því meira vanmat á úrkomu að vetrarlagi. Yfir vetrarmánuðina október til mars mælist talsvert meiri úrkoma á seinna tímabilinu í takt við hlýrri vetur hér á landi.

Tafla 5. Meðalúrkoma (mm) á Eyrarbakka 1961–1990 og fyrir 2003–2006 og 2008–2016.

	jan	feb	mar	apr	maí	júní	júlí	ágú	sept	okt	nóv	des	árið
<b>Meðal-úrkoma 1961–1990</b>	126,4	121,8	123,4	102,4	83,6	95,0	87,1	114,9	117,1	139,4	128,5	133,2	1372,7
<b>Meðal-úrkoma 2003–2006 og 2008–2016</b>	149,9	134,4	130,6	97,3	71,5	73,4	91,8	99,9	155,2	155,5	140,6	133,8	1433,9
<b>Hlutfall af 1961–1990</b>	<b>119</b>	<b>110</b>	<b>106</b>	<b>95</b>	<b>85</b>	<b>77</b>	<b>105</b>	<b>87</b>	<b>133</b>	<b>112</b>	<b>109</b>	<b>101</b>	<b>104</b>

## 4.3 Úrkomuáttir



Helstu úrkomuáttir eru austan- og suðaustanáttir eins og sést á vindrósunum á mynd 10 sem sýnir úrkomuáttir á Eyrarbakka og Vatnsskarðshólum. Vegna nálægðar Vatnsskarðshóla við Mýrdalsjökul eru úrkomuáttir, líkt og vindáttir almennt, mun meira afgerandi en á Eyrarbakka og úrkoma um 20% meiri á þessari öld.





Mynd 10. Úrkomuáttir á Eyrarbakka og Vatnsskarðshólum, 2000–2010. Litirnir sýna vindhraða þegar úrkoma mælist.

#### 4.4 Veðurtegund — Athuganir á takmörkuðu skyggi

Skyggni er eitt af því sem veðurathuganafólk metur við hverja athugun. Myndir 11 og 12 sýna hve oft að meðaltali skyggni fer undir ákveðin mörk, sem hlutfall af öllum athugunum. Hér eru reiknað fyrir tímabilið 1996–2010. Stöðin á Höfn í Hornafirði hefur verið á þremur stöðvum og er þær taldar sem ein í þessari úrvinnslu. Skyggni undir 10 km er algengast yfir vetrarmánuðina á Kirkjubæjarklaustri og Eyrarbakka, eða yfir 17 og 20% í febrúar. Á Stórhöfða og í Hornafirði er skyggni mest takmarkað, hvað varðar skyggni undir 1 km, í júlí mánuði, 14% og 2%. Á Stórhöfða er skyggni mest takmarkað, þar er skyggni undir 500 m margfalt algengara en á hinum stöðvunum sem sýnir skýrt hve algeng þoka er í Vestmannaeyjum.



Mynd 11. Hlutfall skyggnis undir 500 m, 1 km, 5 km og 10 km á Kirkjubæjarklaustri og Eyrarbakka fyrir tímabilið 1996–2010.



Mynd 12. Hlutfall skyggnis undir 500 m, 1 km, 5 km og 10 km á Stórhöfða og í Hornafirði fyrir tímabilið 1996–2010.

## 5 Samantekt

Hér hefur verið fjallað um veðurfar á sunnanverðu landinu. Í heildina er landshlutinn sá hlýjasti en jafnframt sá úrkomusamasti. Þó hlýjast sé á Suðurlandsundirlendinu getur orðið kalt inn til landsins í vetrarstillum en á sumrin gætir einnig hafgolu frá ströndinni. Á láglendi er meðalvindhraði mestur á stöðvum nálægt ströndinni. Vindur getur þó orðið umtalsverður á flestum stöðvum og einkum er sviptivindasamt nálægt fjöllum. Í 10–15% tilvika er skyggni á þeim veðurstöðvum þar sem það hefur verið athugað undir 10 km að Stórhöfða frátöldum, en þar er hlutfallið tvöfalt hærra.

## Viðaukar: Veðurfar á völdum stöðvum 2008–2017

Hér fylgir safn viðauka með upplýsingum um veðurfar fyrir hverja sjálfvirka veðurstöð sem notuð var í þessu yfirliti.

Í hverju tilfalli eru eftirfarandi upplýsingar

- Stöðvarnúmer, heiti stöðvar, upphaf sjálfvirkra mælinga og staðsetning.
- Kassarit sem sýnir meðaltöl hita og vindhraða fyrir hvern almanaksmánuð. Kassaritin byggja á mánaðarmeðaltölum á tímabilinu 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Rauða línan sýnir meðaltal hvers almanaksmánaðar.
- Stöplarit sem sýnir meðalúrkomu fyrir hvern almanaksmánuð, 2008–2017.
- Töflur með meðalgildum almanaksmánaða innan tímabilsins 2008–2017 og útgildi mælitímabils hvernar stöðvar, með dagsetningum útgilda.
- Vindrósir sem sýna tíðni vindátta fyrir allan vindhraða, árstíðir (þ.e. þriggja mánaða tímabil) og hvassviðri (vindhraða yfir 15 m/s) fyrir tímabilið 2008–2017. Hver vindrós sýnir einnig tíðni mismunandi vindhraða auk kassarita fyrir vindhraða hvernar vindáttar. Vindátt er skilgreind sem sú átt sem vindur blæs úr.

Stöðvarnar sem um er að ræða eru, í stafrófsröð:

1. Árnes
2. Eyrarbakki
3. Fagurhólsmýri
4. Hella
5. Hjarðarland
6. Höfn í Hornafirði
7. Kálfhóll
8. Kirkjubæjarklaustur - Stjórnarsandur
9. Sámsstaðir
10. Skaftafell
11. Skarðsfjöruviti
12. Vatnsfell
13. Vatnsskarðshólar
14. Vestmannaeyjabær
15. Þykkvibær
16. Önundarhorn

Veðurstöð


**6420 Árnes**

Upplýsingar um veðurfar

---




stöð	nafn	upphaf	breidd	lengd	hæð(m)	tímabil
6420	Árnes	2003	64.041	20.252	90	2008–2017





	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
meðalhiti °C	-0.2	0.0	0.4	2.8	6.8	10.4	12.2	11.0	8.2	4.1	0.9	-1.4
hæsti hiti °C	10.1	10.1	12.8	16.5	22.2	22.8	28.8	29.0	18.9	14.8	13.5	11.6
dags hæsta hita	4/2013	22/2005	31/2017	30/2007	9/2006	2/2012	30/2008	10/2004	5/2010	9/2010	14/2011	11/2009
lægsti hiti °C	-22.3	-22.2	-16.2	-12.8	-12.0	-4.5	-0.7	-4.0	-9.6	-14.8	-17.6	-20.3
dags lægsta hita	19/2008	2/2008	17/2011	2/2010; 6/2018	1/2013	3/2011	25/2009	28/2007	24/2005	28/2008	18/2017	22/2010

Mynd 1: Árstíðarsveifla hita (°C). Kassaritin byggja á mánaðarmeðaltölum frá 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig hæsti og lægsti hiti hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.





Mynd 2: Meðalvindhraði (m/s) hvers almanaksmánaðar. Kassaritín byggja á mánaðarmeðaltölum frá 2008—2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%—75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línán sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig mesti vindhraði og mesta hviða hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.

Árnes  
01. jan 2008 – 31. des 2017  
Fjöldi athugana: 87381. Logn: 3.8%





Mynd 3: Vindrós (%) fyrir tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.

### Árnes Sumarmánuðir (JJA) 2008 – 2017





Mynd 4: Vindrós (%) fyrir sumarmánuðina, júní - ágúst, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.

### Árnes Haustmánuðir (SON) 2008 – 2017





Mynd 5: Vindrós (%) fyrir haustmánuðina, september - nóvember, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.

### Árnes Vetrarmánuðir (DJF) 2008 – 2017




Mynd 6: Vindrós (%) fyrir vetrarmánuðina, desember - febrúar, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.

### Árnes Vormánuðir (MAM) 2008 – 2017



Mynd 7: Vindrós (%) fyrir vormánuðina, mars - maí, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindáttá er sýndur í kassariti.



Mynd 8: Vindrós (%) þegar vindhraði er meiri en 15 m/s, tímabilið 2008-2017.




Veðurstöð

**1395 Eyrarbakki**

Upplýsingar um veðurfar


---

stöð	nafn	upphaf	breidd	lengd	hæð(m)	tímabil
1395	Eyrarbakki	2005	63.869	21.16	3	2008–2017



	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
meðalhiti °C	0.6	0.9	1.4	3.6	7.0	10.1	11.9	11.2	8.8	4.7	1.7	-0.5
hæsti hiti °C	8.9	9.1	11.3	14.4	20.4	21.9	28.4	23.1	19.3	16.8	11.5	9.6
dags hæsta hita	25/2010	23/2006	24/2012	29/2007	9/2006	23/2010	30/2008	1/2008	3/2006	10/2010	15/2014	27/2016
lægsti hiti °C	-19.9	-18.2	-14.4	-12.9	-10.5	-2.9	-2.2	-2.5	-6.6	-9.9	-13.7	-20.0
dags lægsta hita	19/2008	2/2008	12/2011	3/2006	2/2013	7/2011	25/2009	30/2012	29/2009	31/2008	18/2006	9/2011



Mynd 1: Árstíðarsveifla hita (°C). Kassaritín byggja á mánaðarmeðaltölum frá 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig hæsti og lægsti hiti hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.



Mynd 2: Meðalvindhraði (m/s) hvers almanaksmánaðar. Kassaritin byggja á mánaðarmedaltölum frá 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig mesti vindhraði og mesta hviða hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.



### Eyrarbakki

01. jan 2008 – 31. des 2017  
 Fjöldi athugana: 87301. Logn: 1.1%





Mynd 3: Vindrós (%) fyrir tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindáttá er sýndur í kassariti.

Eyrarbakki  
Sumarmánuðir (JJA) 2008 – 2017





Mynd 4: Vindrós (%) fyrir sumarmánuðina, júní - ágúst, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.

Eyrarbakki  
Haustmánuðir (SON) 2008 – 2017





Mynd 5: Vindrós (%) fyrir haustmánuðina, september - nóvember, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.

Eyrarbakki  
Vetrarmánuðir (DJF) 2008 – 2017




Mynd 6: Vindrós (%) fyrir vetrarmánuðina, desember - febrúar, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.

Eyrarbakki  
Vormánuðir (MAM) 2008 – 2017



Mynd 7: Vindrós (%) fyrir vormánuðina, mars - maí, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.





Veðurstofa Íslands 03. ágú 2018

*Mynd 8: Vindrós (%) þegar vindhraði er meiri en 15 m/s, tímabilið 2008-2017.*


Veðurstöð

**5309 FAGURHÓLSMÝRI**

Upplýsingar um veðurfar


---

stöð	nafn	upphaf	breidd	lengd	hæð(m)	tímabil
5309	Fagurhólmsmýri	2003	63.874	16.636	16	2008–2017



	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
meðalhiti °C	1.7	2.0	2.1	4.1	6.9	9.5	11.0	10.8	9.1	5.6	3.1	0.9
hæsti hiti °C	10.3	13.7	16.6	15.8	19.3	19.6	20.6	24.1	18.7	15.3	11.4	10.4
dags hæsta hita	24/2007	21/2005	18/2006	28/2006	4/2010	28/2014	18/03; 21/05	10/2004	16/2015	4/2004	2/2012	11/2009
lægsti hiti °C	-15.5	-13.2	-12.0	-9.3	-6.6	-0.4	3.5	1.8	-2.8	-7.0	-11.6	-18.6
dags lægsta hita	11/2015	02/08; 07/11	31/2015	1/2015	2/2013	7/2011	24/2009	29/2012	25/2005	28/2008	29/2015	13/2015



Mynd 1: Árstíðarsveifla hita (°C). Kassaritín byggja á mánaðarmeðaltölum frá 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig hæsti og lægsti hiti hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.



Mynd 2: Meðalvindhraði (m/s) hvers almanaksmánaðar. Kassaritin byggja á mánaðarmeðaltölum frá 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig mesti vindhraði og mesta hviða hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.



### Fagurhólmsmýri

01. jan 2008 – 31. des 2017  
Fjöldi athugana: 87222. Logn: 1.9%





Mynd 3: Vindrós (%) fyrir tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindáttá er sýndur í kassariti.

Fagurhólmsmýri  
Sumarmánuðir (JJA) 2008 – 2017



Mynd 4: Vindrós (%) fyrir sumarmánuðina, júní - ágúst, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.



Fagurhólmýri  
Haustmánuðir (SON) 2008 – 2017



Mynd 5: Vindrós (%) fyrir haustmánuðina, september - nóvember, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassaríti.

### Fagurhólmýri



Vetrarmánuðir (DJF) 2008 – 2017



Mynd 6: Vindrós (%) fyrir vetrarmánuðina, desember - febrúar, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.




### Fagurhólmsmýri Vormánuðir (MAM) 2008 – 2017



Mynd 7: Vindrós (%) fyrir vormánuðina, mars - maí, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.

### Fagurhólmsmýri

Vindhraði > 15 m/s 2008 – 2017



Veðurstofa Íslands 03. ágú 2018

Mynd 8: Vindrós (%) þegar vindhraði er meiri en 15 m/s, tímabilið 2008-2017.


Veðurstöð

**6315 Hella**

Upplýsingar um veðurfar


---

stöð	nafn	upphaf	breidd	lengd	hæð(m)	tímabil
6315	Hella	2006	63.826	20.365	20	2008–2017





	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
meðalhiti °C	0.0	0.2	0.8	3.3	7.1	10.3	12.1	11.1	8.4	4.3	1.1	-1.3
hæsti hiti °C	10.0	9.6	12.8	16.5	21.5	22.8	27.6	21.8	19.6	15.3	14.3	11.2
dags hæsta hita	21/2010	9;20/2013	24/2012	28/2007	9/2006	2/2012	30/2008	16/2012	4/2010	14/2006	14/2011	11/2009
lægsti hiti °C	-18.0	-21.9	-15.3	-17.0	-10.3	-3.4	-1.6	-3.3	-5.5	-11.6	-16.3	-18.6
dags lægsta hita	20/2008	2/2008	31/2015	1/2015	2/2013	7/2011	24/2009	29/2012	29/2009	28/2008	18/2013	5/2013

Mynd 1: Árstíðarsveifla hita (°C). Kassaritín byggja á mánaðarmeðaltölum frá 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig hæsti og lægsti hiti hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.




Mynd 2: Meðalvindhraði (m/s) hvers almanaksmánaðar. Kassaritin byggja á mánaðarmeðaltölum frá 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig mesti vindhraði og mesta hviða hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.





Mynd 3: Vindrós (%) fyrir tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindáttá er sýndur í kassariti.

Hella  
Sumarmánuðir (JJA) 2008 – 2017



Mynd 4: Vindrós (%) fyrir sumarmánuðina, júní - ágúst, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.



Hella  
Haustmánuðir (SON) 2008 – 2017



Mynd 5: Vindrós (%) fyrir haustmánuðina, september - nóvember, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassaríti.





Hella  
Vetrarmánuðir (DJF) 2008 – 2017




Mynd 6: Vindrós (%) fyrir vetrarmánuðina, desember - febrúar, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.

Hella  
Vormánuðir (MAM) 2008 – 2017



Mynd 7: Vindrós (%) fyrir vormánuðina, mars - maí, tímabilið 2008 – 2017. Meðalvindhraði vindátta er sýndur í kassariti.



Mynd 8: Vindrós (%) þegar vindhraði er meiri en 15 m/s, tímabilið 2008-2017.


Veðurstöð

**6515 Hjarðarland**

Upplýsingar um veðurfar


---

stöð	nafn	upphaf	breidd	lengd	hæð(m)	tímabil
6515	Hjarðarland	2004	64.251	20.331	88	2008–2017



	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
meðalhiti °C	-0.5	-0.3	0.0	2.5	6.7	10.4	12.1	10.9	7.9	3.7	0.7	-1.7
hæsti hiti °C	10.5	9.6	12.6	15.0	22.8	23.1	28.8	23.8	19.2	15.7	12.6	10.5
dags hæsta hita	25/2010	20/2013	27/2005	28/2007	9/2006	29/2009	30/2008	1/2008	1/2006	9/2010	15/2011	11/2009
lægsti hiti °C	-20.3	-22.5	-16.8	-13.8	-11.1	-4.9	-0.8	-3.1	-7.2	-15.5	-18.3	-20.0
dags lægsta hita	2/2005	2/2008	17/2011	2/2006	2/2013	7/2011	24/2009	30/2012	24/05; 29/09	28/2008	18/2004	5/2013



Mynd 1: Árstíðarsveifla hita (°C). Kassaritín byggja á mánaðarmeðaltölum frá 2008–2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%–75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig hæsti og lægsti hiti hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.



Mynd 2: Meðalvindhraði (m/s) hvers almanaksmánaðar. Kassaritin byggja á mánaðarmedaltölum frá 2008—2017. Þverstrík hvers kassa sýnir miðgildið en innan kassans eru 50% af gildunum (25%—75%). Lóðréttu línurnar sína útgildi sem ekki eru fjær kassanum en sem nemur 150% af stærð hans. Punktarnir eru útgildi sem falla utan þeirra marka. Bláa línan sýnir 10 ára meðaltal hvers almanaksmánaðar, gildin má finna í töflu. Í töflunni er einnig mesti vindhraði og mesta hviða hvers mánaðar, ásamt dagsetningu. Útgildin eru fundin fyrir allt tímabil mælinga á stöðinni.


## Hjarðarland

01. jan 2008 – 31. des 2017  
Fjöldi athugana: 86745. Logn: 2.4%



